

Framkvæmdastjórn Varðar hefur samþykkt að svofelld fundarsköp gildi, eftir því sem unnt er, á Reykjavíkurbinginu við afgreiðslu tillagna og ályktana:

1. Á Reykjavíkurbinginu starfa 6 málefnanefndir ásamt samræmingarnefnd.
2. Málefnanefndirnar fá til meðferðar drög stjórnar málefnanefndanna að ályktunum og aðrar tillögur sem fundarmenn leggja fram á fundinum.
3. Tillögur varðandi þá málaflokka sem málefnanefndirnar fjalla um skulu annað hvort:

(A) fengnar skrifstofu Sjálfstæðisflokksins skriflega (eða á skuli@xd.is) og undirritaðar af 5 þingfulltrúum hið fæsta á milli 09:30-12:00, föstudaginn 19. maí, eða
(B) bornar upp á fundi viðkomandi málefnanefndar.

4. Drög að ályktunum Reykjavíkurbingsins sem málefnanefndir hafa samþykkt verða afgreidd á almennum fundi Reykjavíkurbingsins.

5. Breytingartillögur við ályktanir málefnanefnda Reykjavíkurbingsins fást aðeins ræddar á almennum fundi Reykjavíkurbingsins ef þær hafa áður verið bornar upp í viðkomandi málefnanefnd, ýmist skv. A-lið eða B-lið 3 gr., og fundarstjóra málefnanefndar sé tilkynnt áður en fundi málefnanefndar er slitið að ætlun sé að flytja þær á almennum fundi þrátt fyrir að þær hafi verið felldar í málefnanefnd, og séu þar lagðar fram af 15 þingfulltrúum hið fæsta.

Þegar flutningsmaður tillögu, sem felld hefur verið í málefnanefnd, hefur tilkynnt fundarstjóra málefnanefndar ætlun sína um að flytja hana á almennum fundi, færir fundarstjóri málefnanefndar hana til bókar og afhendir starfsmönnum Reykjavíkurbingsins, eftir að fundi málefnanefndar hefur verið slitið.

Þá getur kjörinn formaður málefnanefndar ávallt flutt breytingartillögu á almennum fundi, um að texti ályktunar sé færður til upprunalegs horfs (og þannig horfið frá breytingu sem samþykkt hefur verið í málefnanefnd). Jafnframt getur almennur fundur landsfundar tekið málamiðlunartillögur kjörinna formanna málefnanefnda til afgreiðslu með afbrigðum.

6. Á almennum fundi Reykjavíkurbingsins skulu engar takmarkanir vera á ræðutíma framsögumanna ályktana, þó þannig að þess sé gætt að dagskrá fundar fari ekki úr skorðum. Miðað skal við að aðrir ræðumenn tali ekki lengur en 2 mínútur. Þegar því tímamarki er náð er fundarstjóra heimilt að stöðva málflutning ræðumanna.

Með þessum fundarsköpum er ætlunin að gera störf Reykjavíkurbingsins markviss og beinskeytt og leitast við að tryggja að þeim tíma sem ætlaður er fyrir almennar umræður á Reykjavíkurbinginu verði fyrst og fremst varið til umræðna um meginatriði en ágreiningur um orðalag og minniháttar áhersluatriði sé afgreiddur í málefnanefndum Reykjavíkurbingsins.